# Sérfræðihópur um umsýslu efnis
# Samantekt á niðurstöðum

Kynning fyrir forstöðumenn bókasafna og stjórn Aleflis

21. nóvember 2017
Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar
Þóra Gylfadóttir

# Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Guðrún Tryggvadóttir | Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn |
| Hafdís Vilhjálmsdóttir | Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn |
| Helga Kristín Gunnarsdóttir | Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn |
| Inga Erlingsdóttir | Borgarbókasafn Reykjavíkur |
| Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar | Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn |
| Þóra Gylfadóttir | Landskerfi bókasafna |

Úlfhildur Dagsdóttir, Borgarbókasafni Reykjavíkur var ráðgjafi um rafrænar bókaveitur

Landskerfi bókasafna

leitir.is

# Markmið og áherslur hópsins

- Skilgreina þarfir sem lúta að umsýslu efnis – óháð efnisformi.
- Raunefni vs. rafrænt efni.
- Mismunandi safnategundir hafa ólíkar þarfir.

# Rauði þráðurinn

- **Færri smellir** – að starfsfólk þurfi ekki að fara milli forrita og flipa við vinnu sína.

- **Vinna í kerfinu sjálfu** – að hægt sé að afgreiða sem flest atriði innan bókasafnskerfisins.

- **Bókasafnskerfið geti „talað við“ önnur kerfi** – tekið við upplýsingum frá utanaðkomandi kerfum og sent upplýsingar til baka með sömu aðferðum.

- **Listavinnsla og tölfræði** – auðvelt sé að draga upplýsingar út úr kerfinu með einföldum en líka myndrænum hætti.

- Að nýja bókasafnskerfið verði **„One-stop-shop“** starfsfólks.

# Lykilatriði

*… hvorki í stafrófsröð – né eftir mikilvægi atriða.*

1. Vinnuferlar séu einfaldir, sjálfvirkir og gagnsæir.

2. Auðvelt sé að kalla fjölbreyttar upplýsingar út úr kerfinu á einfaldan hátt og sníða þær að þörfum starfsemi safns eða einstakra starfsmanna.

3. Bókasafnskerfið geti tengst öðrum kerfum, sent þeim upplýsingar og tekið við upplýsingum frá þeim.

4. Eintakatengingar séu einfaldar, fljótlegar og krefjist hvorki kunnáttu í skráningu né skráningarheimildar.

5. Sjálfvirkni og sveigjanleiki í aðgangsstýringu rafræns efnis.

# Lykilatriði 1

**Vinnuferlar séu einfaldir, sjálfvirkir og gagnsæir.**

- Við viljum **færri smelli** og að vinna fari að mestu fram **í kerfinu sjálfu**.
- Allt sé á einum stað og önnur forrit (t.d. Excel og Outlook) séu svo gott sem óþörf.
- Verkferlarnir séu einfaldir og gagnsæir, ekki þurfi að leggja á minnið ýmsar krókaleiðir í aðgerðum.
- Starfsmaður geti sniðið að sínum þörfum „Mínar síður“ og raðað upp á þær út frá starfinu og verkefnum.
- Mikil þörf er á að vinnuumhverfi komuspáa fyrir tímarit sé einfalt og hægt sé að vinna með komuspár óháð öðrum söfnum og safndeildum.

# Lykilatriði 2

**Auðvelt sé að kalla fjölbreyttar upplýsingar út úr kerfinu á einfaldan hátt og sníða þær að þörfum starfsemi safns eða einstakra starfsmanna.**

- Mikilvægt er að geta gert einfaldar en líka mjög ítarlegar leitir í kerfinu sem kalli fram sérsniðnar upplýsingar fyrir þau verkefni sem verið er að sinna hverju sinni.

- Hægt verði að kalla fram lista/tölfræði sem sækir upplýsingar úr mismunandi þáttum kerfisins í einni leit.

- Góðir möguleikar á myndrænni framsetningu.

- Einfalt sé að fylgja efni eftir allt frá pöntun til endanlegrar staðsetningar.

Landskerfi bókasafna

leitir.is

# Lykilatriði 3

**Bókasafnskerfið geti tengst öðrum kerfum, sent þeim upplýsingar og fengið upplýsingar frá þeim.**

- Mikilvægt er að kerfið geti tekið við fjölbreyttum upplýsingum frá öðrum kerfum og upplýsingaveitum og hægt sé að nýta þau gögn sem verða til í kerfinu á öðrum vettvangi.
- Kerfið geti tekið við lýsigögnum frá ólíkum aðilum s.s. MARC-færslum og tímaritaspám frá birgjum eða bókasöfnum. Kerfið geti sótt upplýsingar af vefsíðum á borð við bokmenntir.is.
- Kerfið geti sótt upplýsingar frá öðrum kerfum eins og þjóðskrá, fyrirtækjaskrá og gengisskráningu viðskiptabanka/Seðlabanka.
- Öll samskipti við birgja geti farið fram í kerfinu sjálfu, þ.m.t. pantanir og innheimta efnis. Hægt sé að vista tölvupóstssamskipti í bókasafnskerfinu.

# Lykilatriði 4

**Eintakatengingar séu einfaldar, fljótlegar og krefjist hvorki kunnáttu í skráningu né skráningarheimildar.**

- Þeir sem tengja eintök, eyða þeim eða breyta eru í flestum tilvikum almennir starfsmenn sem hafa enga sérþekkingu á skráningu.
- Þessir starfsmenn þurfa að hafa fulla heimild til að vinna með eintök í sínu safni, án þess að hafa kunnáttu í bókfræðiskráningu og án þess að þurfa að vinna með MARC-snið.
- Ef þarf að nota forðafærslur, þá þarf að vera hægt að útbúa þær á einfaldan og helst sjálfvirkan hátt, án þess að hafa heimild til bókfræðiskráningar.
- Kerfið styðji við grisjun með keyrslum, tölfræði og sjálfvirkni.

# Lykilatriði 5

**Sjálfvirkni og sveigjanleiki í aðgangsstýringu rafræns efnis.**

- Hægt sé að stýra því innan úr bókasafnskerfinu hver hefur aðgang að hverju, t.d. eftir tegund áskriftar (Landsaðgangur, samlög bókasafna, séráskriftir einstakra safna o.s.frv.).
- Hægt sé að stilla aðgang að efni eftir tegund hans, t.d. IP-tölu og lykilorði.
- Núverandi tól á borð við SFX krækjukerfið og PCI – Primo Central Index verði innbyggð í bókasafnskerfið en séu ekki þau aðskildu millistig sem þau eru í dag.
- Sjálfvirk innkeyrsla/uppfærsla vegna breytinga hjá birgja t.d. breytingar á forða/útgáfumynstri og birtingartöf.

Skylduskil
Ritakaupabeiðnir
Landsaðgangur
Séráskriftir
Eintakatenging
Umsýsla
Innkaup
Útgáfuupplýsingar
Sjóðir
Pantanir
Verkferlar
Samningar
Tölfræði
Birgjar
Grisjun

# Sérfræðihópur um lýsigögn
# Samantekt á niðurstöðum

Kynning fyrir forstöðumenn bókasafnanna
og stjórn Aleflis

21. nóvember 2017
Hallfríður Kristjánsdóttir

# Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Hallfríður Kristjánsdóttir | Landsbókasafn Íslands |
| Bryndís Vilbergsdóttir | Landsbókasafn Íslands |
| Dögg Hringsdóttir | Landskerfi bókasafna |
| Magný Rós Sigurðardóttir | Landsbókasafn Íslands |
| Ragna Steinarsdóttir | Landsbókasafn Íslands |
| Rósa S. Jónsdóttir | Orkustofnun |
| Þorsteinn G. Jónsson | Amtsbókasafnið á Akureyri |
| Þóra Sigurbjörnsdóttir | Borgarbókasafnið |

# Hugarkort - lýsigögn




Landskerfi bókasafna

leitir.is

# Verkefni hópsins dregin saman í 12 atriði

- Gagnahleðslur og „fix“
- Nafnmyndastjórnun
  - Alþjóðleg samvinna, t.d. VIAF, ISNI, Orcid
- Gæðastjórnun
- Skráningarviðmót
- Birting lýsigagna í notendaviðmóti
- Staðlar
  - T.d. Marc21, DublinCore, z39.50, Bibframe
- Verkferlar og samskipti
- Varðveislusöfn (digital repositories)
- Óhefðbundið efni / rannsóknargögn háskólanna
- Opin samtengd gögn (Linked Open Data)
- Greiniskráning og aðrar tengingar milli bókfræðifærslna
- Eintök og forði

# Lykilatriði

Nafnmyndastjórn:

- Kerfið geti hýst nafnmyndagrunn fyrir landið í heild
- Breytingar í nafnmyndaskrá uppfæri bókfræðigrunn sjálfkrafa
- Auðvelt og einfalt sé að nýskrá eða sækja nafnmyndir
- Hægt sé að vinna með nafnmyndir fyrir öll einindi/fyrirbæri sem skilgreind eru í RDA (einstaklingar, stofnanir, hugverk o.s.frv.)

Landskerfi bókasafna

leitir.is

# Lykilatriði

Skráningarviðmót:

- Kerfið bjóði upp á einfalt og sveigjanlegt skráningarviðmót fyrir mismunandi efnistegundir og gagnasnið.
- Skrásetjari þurfi ekki að kunna MARC21, Dublin Core eða BIBFRAME til að geta skráð
- Felligluggar, vallistar og auðvelt aðgengi að viðeigandi hjálpargögnum á réttum stöðum í skráningarviðmótinu
- Kerfið gefi viðvaranir um villur í færslum
- Skrásetjari geti strax séð hvernig færsla birtist notendum

# Lykilatriði

<u>Staðlar og gagnasnið:</u>

- Kerfið styðji þá staðla sem eru notaðir í dag (t.d. RDA, MARC21, Unicode) og er fyrirsjáanlegt að verði notaðir (t.d. Dublin Core, BIBFRAME/RDF)
- Kerfið geti auðveldlega tengst öðrum kerfum þannig að bæði sé hægt að flytja gögn inn og út með t.d. z39.50 og OAI
- Kerfið ráði við séríslensk frávik í MARC21

# Lykilatriði

<u>Tölfræði og gæðastjórnun:</u>

- Kerfið geti tekið út margvíslegar skýrslur og tölfræði
- Kerfið bjóði upp á sveigjanlegar aðgangsheimildir
- Kerfið bjóði upp á prófunargrunn
- Kerfið bjóði upp á útgáfustjórnun

# Lykilatriði

Greiniskráning og aðrar tengingar milli bókfræðifærslna:

- Kerfið ráði við fjölbreyttar tengingar á milli bókfræðifærslna
- Þessar tengingar séu sýnilegar bæði í starfsmannaaðgangi og notendaviðmóti




Landskerfi bókasafna

leitir.is

# Sérfræðihópur um lán
# Samantekt á niðurstöðum

Kynning fyrir forstöðumenn bókasafna
og stjórn Aleflis

21. nóvember 2017
Þóra Jónsdóttir

# Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Ásdís Huld Helgadóttir | Landskerfi bókasafna |
| Brynhildur Jónsdóttir | Bókasafn Kópavogs |
| Esther Erla Jónsdóttir | Bókasafn Árborgar |
| Hafdís Ingimundardóttir | Bókasafn Garðabæjar |
| Helgi Sigurbjörnsson | Menntavísindasvið HÍ |
| Helgi Steindal | Bókasafn Akraness |
| Hólmfríður Gunnlaugsdóttir | Borgarbókasafn |
| Linda Rós Arnardóttir | Bókasafn Hafnarfjarðar |
| Sigurgeir Finnsson | Landsbókasafn Íslands |
| Unnur Valgeirsdóttir | Háskólinn í Reykjavík |
| Þorbjörg Karlsdóttir | Borgarbókasafn |
| Þóra Jónsdóttir | Öldutúnsskóli |

Þóra Jónsdóttir var valin formaður.
Ásdís Huld Helgadóttir var starfsmaður hópsins.

Landskerfi bókasafna

leitir.is

# Hlutverk hópsins í megindráttum

- Skoða og skilgreina ólíkar tegundir lána
  - Hefðbundin lán, rafræn lán, millisafnalán, frátektir, endurnýjanir
- Skilgreina þarfir vegna tilkynninga/bréfa, greiðslna og sekta
- Sjálfsafgreiðsla útlána
  - Sjálfsafgreiðsla á skólabókasöfnum
- Tilkynningar og bréf
- Samskipti við lánþega
- Tölfræði – notkun efnis

Landskerfi bókasafna

leitir.is

# Lykilatriði

Hópurinn skilgreindi fimm lykilatriði sem snúa að daglegum verkefnum í afgreiðslu og útlánum

# Útlán

- Við upphaf láns (kort skannað)
  - Fá strax meldingu um öll frávik á korti lánþega
  - Á við um lán og skil:
    - við afgreiðsluborð
    - sjálfsafgreiðsluvélar
    - millisafnalán
- Sjálfsafgreiðsluvélar tali vel við kerfið, öll skilaboð sem kerfið gefur í hefðbundinni afgreiðslu þurfa að skila sér rétt í vélarnar

# Millisafnalán

- Millisafnalánsbeiðnir í gegnum SFX/PCI/Google Scholar skili öllum upplýsingum inn í bókasafnskerfið
- Nauðsynlegt að hægt sé að flytja núverandi birgjaskrá (sameiginlega skráin) yfir í nýtt kerfi

# Gjaldfærslur

- Tenging við önnur kerfi
  - Bókhaldskerfi
  - Sjóðsvélar og posakerfi
  - Senda kröfur í heimabanka lánþega

# Meira sjálfstæði safna

- Safn geti sjálft stillt sína lokunardaga
  - Vegna sekta og skiladaga
  - Skili sér líka í millisafnalán
- Tilkynningar og bréf
  - Breytingar á texta bréfa séu framkvæmdar á safni

# Leit (starfsmenn og lánþegar)

- „Did you mean“
  - bjóða upp á tillögur út frá því sem byrjað er að skrifa
  - svipað og á Google
- Niðurstöður miðist við mitt safn
  - í leitarniðurstöðum þarf að vera hægt að velja röðun eintaka  (t.d. eftir safndeild)
- Skipanaleit (túrbóleit)

# Nýtt bókasafnskerfi þarf að:

- Styðja við mismunandi verklag og þarfir bókasafnanna
- Geta veitt bókasöfnum meira sjálfstæði í stillingum
- Tryggja að samþætting við önnur kerfi sé hnökralaus
    - T.d. sjálfsafgreiðsluvélar

# Samantekt

- Mörg núverendi vandamál tengjast stjórnunareiningum og sameiginlegum stillingum
- Mikilvægt að læra af fortíðinni og forðast sömu mistökin
- Samt verður að vera hægt að opna á útlánasamstarf bókasafna
  - án þess að þau tapi sjálfstæði sínu í tölfræði, útlánareglum og öðrum stillingum




Landskerfi bókasafna

leitir.is

# Sérfræðihópur um lánþega
# Samantekt á niðurstöðum

Kynning fyrir forstöðumenn bókasafna
og stjórn Aleflis

21. nóvember 2017
Þórey Ösp Gunnarsdóttir
Guðrún Kristín Jónsdóttir

# Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Andrea Ævarsdóttir | Bókasafn Grindavíkur |
| Brjánn Birgisson | Borgarbókasafn Reykjavíkur |
| Geir Jón Karlsson | Landskerfi bókasafna |
| Guðrún Kristín Jónsdóttir | Amtsbókasafnið á Akureyri |
| María Bjarkadóttir | Bókasafn Tækniskólans |
| Sigríður Bjarnadóttir | Landsbókasafn Íslands |
| Sigrún Hauksdóttir | Landskerfi bókasafna |
| Þórey Ösp Gunnarsdóttir | Bókasafn Reykjanesbæjar |

Guðrún Kristín var valinn formaður og Sigrún var starfsmaður hópsins.

# Hlutverk hópsins var í megindráttum að:

- Skoða uppsetningu lánþegaskráarinnar
- Skoða tengingar lánþegaskrár við önnur kerfi

- Skilgreina þarf hvaða þjónustur eru nauðsynlegar / ákjósanlegar fyrir lánþegann

# Vandamál

- Mörg vandamál sem tengjast lánþegum núna eru afleiðing af uppsetningu á sameiginlegri lánþegaskrá og stjórnunareiningum
  - Það þarf að vera mikill sveigjanleiki í miðlægri lánþegaskrá í nýju kerfi

# Lykilatriði

Skilgreind voru fimm lykilatriði

# Auðvelt að koma skilaboðum til lánþega

- SMS/tölvupóstur/símhringing
- Skilaboð birtist strax þegar lánþegi skráir sig inn á vef
- Skilaboð geymd í einhvern tíma

Landskerfi bókasafna

leitir.is

# Hvert safn hafi stjórn á sinni lánþegaskrá

- Upplýsingar eins og netföng/aðsetur (skólar) séu eign hvers safns
- Þurfi ekki að aðlaga sitt verklag að öðrum söfnum
- Viðvörunargluggar ef það er verið að breyta einhverju sem hefur áhrif á önnur söfn
- Viðvaranir verða að vera skýrar og birtast strax
  - sektir/gildistími/frátektir

# Loka meira á milli safna

- Ekki hægt sjá hvað lánþegar eru með í láni á öðrum söfnum
- Ekki hægt að endurnýja safnkost annarra safna
- Sektir á öðrum söfnum stoppi ekki útlán
- Viðvaranir ef gögn eru í eigu annarra safna

# Samþætting bókasafnskerfis og ytri kerfa

- Samþætting leitarvefs og bókasafnskerfis fyrir lánþegann verði einfaldari og gagnsærri
- Lánþeginn geti gert sem flestar aðgerðir sjálfur í einni innskráningu
- Samþætting lánþegaskrár við ytri kerfi eins og nemendaskrár og þjóðskrá

# Lánþeginn þarf að geta

- Stofnað aðgang
- Endurheimt lykilorð
- Endurnýjað skírteini
- Greitt sektir (að hluta eða alla)
- Valið hvaða netföng eru notuð á hverju safni
  - Hægt að hafa mörg og löng netföng
- Endurnýjað, tekið frá og pantað millisafnalán
- Skráð sig inn með auðkenningarkerfum
  - Island.is, rafræn skilríki …
- Tengst nemendakerfi
  - Ugla, Canvas, Mentor, Inna

- Notað sjálfsafgreiðslu
  - Skráð sig inn einu sinni
  - Leitarvél/greiðsluvél/sjálfsafgreiðsla
  - Villuboð
  - Kvittun fyrir útlánum/stöðu
- Notað bókasafnsapp
  - Auðkenning í gegnum app (skírteini)
  - Endurnýjað skírteini
  - Greitt sektir
  - Útlán, endurnýjun og frátektir
  - Tilkynningar
  - Leitað að safnkosti

Auðkenning

Viðvaranir App

Innskráning

Bókasöfn

Sjálfræði

Samskipti

Nemendakerfi

Fjárhaldsherfi

Mínar síður

Þjóðskrá

Greiðslugátt

Lánþegar

Samþætting